

Borgarráð

Starfshópur um knattús á Hlíðarenda

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um knattús á Hlíðarenda eru lögð fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er að leggja mat á fyrirbyggjandi hugmyndir um knattús á Hlíðarenda.

Greinargerð:

Með samningi Reykjavíkurborgar og Knattspyrnufélagsins Vals frá 4. apríl 2006 var gert ráð fyrir byggingu knattúss á Hlíðarenda og er gert ráð fyrir því í gildandi deiliskipulagi. Í samningi Knattspyrnufélagsins Vals, Valsmanna hf. og Reykjavíkurborgar, einnig frá 4. apríl 2006, er gert ráð fyrir að Valsmenn leggi fram fjármuni til íþróttastarfs, barna- og unglingastarfs og til uppbyggingar á knattúsi á Hlíðarenda.

Í samningi milli Knattspyrnufélagsins Vals, Valsmanna hf. og Reykjavíkurborgar frá 20. apríl 2008 er ákvæði um að andvirði aukins byggingaréttar til Valsmanna hf. skuli renna til uppbyggingar starfs Knattspyrnufélagsins Vals. Reykjavíkurborg, Knattspyrnufélagið Valur og Valsmenn hf. hafa orðið sammála um að skipa starfshóp vegna hugmynda um knattús á Hlíðarenda.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um knattús á Hlíðarenda.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um knatthús á Hlíðarenda

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Með samningi Reykjavíkurborgar og Knattspyrnufélagsins Vals frá 4. apríl 2006 var gert ráð fyrir byggingu knatthúss á Hlíðarenda og er gert ráð fyrir því í gildandi deiliskipulagi. Í samningi Knattspyrnufélagsins Vals, Valsmanna hf. og Reykjavíkurborgar, einnig frá 4. apríl 2006, er gert ráð fyrir að Valsmenn leggi fram fjármuni til íþróttastarfs, barna- og unglingastarfs og til uppbyggingar á knatthúsi á Hlíðarenda.

Í samningi milli Knattspyrnufélagsins Vals, Valsmanna hf. og Reykjavíkurborgar frá 20. apríl 2008 er ákvæði um að andvirði aukins byggingaréttar til Valsmanna hf. skuli renna til uppbyggingar starfs Knattspyrnufélagsins Vals. Reykjavíkurborg, Knattspyrnufélagið Valur og Valsmenn hf. hafa orðið sammála um að skipa starfshóp vegna hugmynda um knatthús á Hlíðarenda.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að leggja mat á fyrirliggjandi hugmyndir um knatthús á Hlíðarenda.

Helstu verkefni:

- Að vinna mismunandi sviðsmyndir vegna knatthúss og annarra mannvirkja á Hlíðarenda og kostnaðargreina hverja sviðsmynd fyrir sig til samanburðar, bæði hvað varðar framkvæmdakostnað og rekstur.
- Að vinna þarfagreiningu fyrir íþrótt-/knatthúsið og meta þörf fyrir heilt eða hálf knatthús, út frá framtíðarþörfum Vals en einnig hugsanlegri samnýtingu annarra félaga, byggt á framtíðarsýn Íþróttabandalags Reykjavíkur.
- Að meta hugsanlega þörf annarra á nýtingu slíks mannvirkis og stoðryma, t.d. HÍ og HR vegna íþróttatengdrar kennslu og rannsókna.
- Að meta hugsanleg tækifæri á sviði ráðstefnu- og sýningarhalds, m.a. á þeim tímum árs sem húsið væri minna notað til æfinga og keppni.
- Að meta þörf fyrir hliðarrými í knatthúsi, svo sem búningasklefa, snyrtingar, anddyri, áhorfendaaðstöðu og stoðrymum fyrir aðra starfsemi en íþróttatengda.
- Að meta framkvæmdakostnað við valkosti vegna stærðar íþrótt-/knatthúss.
- Að vinna drög að rekstraráætlun fyrir íþrótt-/ knatthús og meta tekjumöguleika af annarri starfsemi en íþróttatengdri.
- Að vinna drög að nýjum samstarfssamningi milli Reykjavíkurborgar og Vals vegna íþrótt-/knatthúss.

Starfshópurinn skipa:

Ómar Einarsson, Íþróttta- og tómstundasviði (formaður).
Guðlaug S. Sigurðardóttir, skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar.
Hildur Freysdóttir, umhverfis- og skipulagssviði.
Þorgrímur Þráinsson, Knattspyrnufélaginu Val.
Lárus Sigurðsson, Knattspyrnufélaginu Val.
Brynjar Harðarson, Valsmenn hf.
Lilja Sigurðardóttir, Íþróttabandalagi Reykjavíkur.

Starfsmaður:

Starfsmenn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, íþróttta- og tómstundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs eftir atvikum og vinnu hópsins.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni niðurstöðum fyrir 15. apríl 2018.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson